



Álagningarforsendur fasteignagjalda, útsvarsprósenta og gjaldskrár vegna vatnsveitu 2024

Útsvarsprósenta fyrir Flóahrepp fyrir árið 2024 verður 14,74%

A-flokkur 0,47% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og frístundahús ásamt lóðarréttindum.

B-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C-flokkur 1,60 % af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald Vatnsveitu Flóahrepps:

Vatnsgjald frá Vatnsveitu Flóahrepps verður eftirfarandi:

	Fast gjald	Lágmark	Hámark
A flokkur fyrir utan frístundahús 0,2% af fasteignamati	-	24.679 kr.	48.612 kr.
Frístundahús fast gjald	41.132 kr.	-	-
Vatnstæki í beitarhólfum og óbyggðar lóðir tengdar vatni	24.679 kr.	-	-
C flokkur og útihús 0,3% af fasteignamati	-	-	500.000 kr.

Seyrulosun:

Árlegt gjald fyrir seyrulosun þriðja hvert ár að jafnaði:	15.572 kr. á ári
Aukalosun í tengslum við aðra hreinsun (íbúðar- og frístundahús):	42.972 kr.+ 583 kr/km
Aukalosun sem sérferð (íbúðar- og frístundahús):	102.661 kr.+583 kr/km
Aukalosun í tengslum við aðra hreinsun rotþró undir 6m ³ (aðrir):	43.807 kr.+ 583 kr/km + 40 kr/kg + vsk
Aukalosun sem sérferð aðrir aðilar rotþró yfir 6m ³ (aðrir):	5968 kr. á m ³ +583 kr/km + 40 kr/kg + vsk

Aukalosanir fara fram í gegnum þjónustufulltrúa seyruverkefnis og sér Hrunamannahreppur um innheimtu aukalosana. Aukalosanir sem ekki eru pantaaðar í gegnum eða í samráði við þjónustu-fulltrúa
Seyruverkefnisins eru ávallt greiddar af þeim sem pantar þjónustuna.

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2024:

Gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald, seyrulosun og lóðaleiga hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr. eða lægri eru með einn gjalddaga: 1. mars.

Greiðslur sem eru 20.001 kr. til 60.000 kr. greiðast á þremur gjalddögum: 1. mars, 1. maí og 1. júlí.

Greiðslur 60.001 kr. og hærri greiðast á tíu gjalddögum: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt. og 1. nóv.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Flóahreppur sendir ekki út greiðsluseðla né álagningarseðla í bréfapósti. Greiðsluseðlarnir birtast í heimabanka greiðanda undir rafrænum skjölum og álagningarseðlarnir eru aðgengilegir inn á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Hægt er að óska eftir álagningarseðli og greiðsluseðli í bréfapósti með því að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-4370 eða með tölvupósti á netfangið floahreppur@floahreppur.is.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 12. desember 2023


 Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri
FLÓAHREPPS